

Mál nr. 3/2020

Miðvikudaginn 9. desember 2020.

Knattspyrnudeild Fram

gegn

Stjórn KSÍ

Dómur áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Eva B. Helgadóttir og Lúðvík Örn Steinarsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands, 27. nóvember 2020. Áfrýjað er úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dags. 25. nóvember 2020.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að ógilt verði með úrskurði sú ákvörðun stjórnar Knattspyrnusambands Íslands föstudaginn 30. október 2020 að knattspyrnufélagið Leiknir Reykjavík hljóti sæti í úrvalsdeild karla leiktímabilið 2021/2022. Áfrýjandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að knattspyrnulið knattspyrnufélagsins Fram og knattspyrnulið Íþróttafélagsins Leiknis séu jafnstæð við lokaniðurröðun 1. deildar karla samkvæmt reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (Covid-19), sem sett var 17. júlí 2020. Loks krefst áfrýjandi þess að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur áfrýjandi uppi kröfur sem ætlað er að vera bindandi fyrir knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Leiknis. Áfrýjandi hefur þrátt fyrir þetta ekki beint málssókn sinni að knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Leiknis og hefur hann því ekki kost á að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins. Með vísan til ofangreinds er máli þessu vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Dómsorð

Máli þessu er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd Knattspyrnusambands Íslands.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Eva B. Helgadóttir [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]